



Tillögur til aðgerða á sviði menntamála og starfsendurhæfingar sumarið 2020

Viðbrögð við auknu atvinnuleysi í kjölfar afleiðinga
samkomuskerðingar og ferðatakmarkanna

Atvinnuáttakshópur vegna Covid-19

Teymi um nám, menntamál og starfsendurhæfingu

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| 1. Sumarnám hjá Fjölbrotaskóla Suðurnesja | 3 |
| 2. Námskeið hjá MSS fyrir þá sem hafa hug á að stofna fyrirtæki | 3 |
| 3. Námskeið hjá MSS fyrir þá sem tala ekki íslensku sem fyrsta mál..... | 4 |
| 4. Námskeið hjá MSS fyrir atvinnuleitendur og/eða þá sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði | 5 |
| 5. Endurhæfing: Matsleið hjá MSS og Samvinnu | 6 |
| 6. Kjarnahópur til vellíðunar og virkni | 7 |
| 7. Námskeið og fræðsla í nýsköpun | 8 |
| 8. Háskólabrú hjá Keili | 9 |
| 9. Háskólabrú með undirbúningi..... | 9 |
| 10. Alþjóðleg Háskólabrú..... | 10 |
| 11. Vinnuvélanámskeið á íslensku, ensku og pólsku..... | 10 |
| 12. Sumarnámskeið á framhaldsskólastigi: Grunnáfangi í tölvuleikjagerð..... | 11 |
| 13. Sumarnámskeið í ævintýraferðamennsku á háskólastigi | 11 |
| 14. Sumarnámskeið: Útivist og umhverfi..... | 12 |
| 15. Sumarnámskeið: Grunnur í jöklaferðamennsku fyrir 18 ára og eldri..... | 12 |
| 16. Sumarnámskeið: Flugbúðir | 13 |
| 17. Sjávarakademían hjá Fisktækniskóla Íslands: Inngangur að nýsköpun og vöruþróun innan bláa hagkerfisins | 13 |
| 18. Inngangur að Fisktækni..... | 14 |
| 19. Inngangur að námi í Fisktækni á pólsku | 15 |
| 20. Inngangur að fiskeldi..... | 15 |
| 21. Smáskípanám..... | 17 |
| 22. Sumarstörf fyrir námsmenn hjá sveitarfélögum..... | 17 |

Teymi um nám, menntamál og starfsendurhæfingu.

Reykjanesbær 6. maí janúar 2020.

Tillögur þessar eru lagðar fram af teymi um nám, menntamál og starfsendurhæfingu sem starfar á vettvangi atvinnuátaks Reykjanesbæjar vegna Covid19. Atvinnuáttakshópurinn er unnin í samstarfi við framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Verkefnastjóri hópsins er verkefnastjóri viðskiptapróunar hjá Reykjanesbæ, Sigurgestur Guðlaugsson og í hópnum starfa:

- Sviðsstjóri umhverfissviðs, Guðlaugur Sigurjónsson.
- Forstöðumaður Súlunnar – verkefnastofu, Þórdís Ósk Helgadóttir.
- Aðstoðarmaður bæjarstjóra, Halldóra G. Jónsdóttir.
- Verkefnastjóri fjölmeningarmála, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir.
- Formaður bæjarráðs, Friðjón Einarsson.
- Framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Berglind Kristjánsdóttir.

Verkefni atvinnuáttakshópsins eru unnin í fimm teymum og fara starfsmenn hópsins fyrir þeim teymum. Teymin fimm eru eftirfarandi:

- Umhverfismál í umsjón sviðsstjóra umhverfissviðs.
- Nám, menntamál og endurhæfing í umsjón verkefnastjóra fjölmeningarmála.
- Atvinnumál í umsjón formanni bæjarráðs.
- Markaðurinn í umsjón forstöðumanns Súlunnar – verkefnastofu.
- Hugmyndir/PR í umsjón aðstoðarmanns bæjarstjóra.

Teymi náms, menntamála og endurhæfingar er sett saman af helstu sérfræðingum í ábyrgðastöðum varðandi menntun og starfsendurhæfingu á Suðurnesjum:

- Dagný Gísladóttir frá Heklunni og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.
- Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS).
- Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmeningarmála hjá Reykjanesbæ.
- Inga Dóra Jónsdóttir, félagsráðgjafi hjá Velferðarsviði Reykjanesbæjar og sérfræðingur í starfsendurhæfingu.
- Jóhann Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri Keilis.
- Kristján Ásmundsson, skólameistari Fjölbautaskóla Suðurnesja (FS).
- Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólameistari Fisktækniskóla Íslands.

Teymið hefur sett saman meðfylgjandi tillögur til aðgerða á Suðurnesjum fyrir sumarið 2020. Tillögurnar eru samantekt aðgerða sem fulltrúar teymisins hafa þegar lagt til í sínu baklandi og til þess gerðar að benda með markvissum hætti á aðgerðir sem styðja við íbúa Suðurnesja sem ekki eru virkir á vinnumarkaði sumarið 2020. Sumar aðgerðanna, sem hér eru lagðar til, eru þegar komnar til framkvæmda og er þá verið að leggja til viðbót við þær. Aðrar aðgerðir eru þess eðlis að þær munu ekki koma til framkvæmda nema til þeirra fáið fjármagn. Markhópur aðgerðanna eru íbúar Suðurnesja sem eru utan vinnumarkaðar og er meginmarkmið þeirra að skapa aukin tækifæri fyrir þá til þess að komast sem fyrst aftur til starfa.

1. Sumarnám hjá Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Markmið: Að skapa aukin tækifæri fyrir ungmenntu til virkni í sumar og flýta fyrir útskrift nemenda úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Markhópur: Íbúar utan vinnumarkaðar sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi, ekki einungis núverandi nemendur FS.

Framkvæmd: Fjölbrautaskóli Suðurnesja getur boðið upp á fimm vikna sumarskóla þar sem nemendur taka allt að fjóra áfanga, bæði í bóklegum og verklegum fögum. Kennt verður í 6 klst. á viku og þar af staðin kennsla 30 klst. af heildinni eða helmingur af því sem er í hefðbundnum dagskóla. Gert ráð fyrir kennslu fjóra daga vikunnar frá kl. 8:00 til 14:25, með stuttum hléum. Gert ráð fyrir heimanámi. Nemendur geta tekið allt frá einum áfanga upp í fjóra. Þetta verður skert kennsla svo nemandi sem tæki fjóra áfanga væri námi sem jafngildir fullu námi í hefðbundnum dagskóla. Með því að kenna fjóra daga vikunnar, í stað fimm, og hafa þannig einn virkan dag vikunnar án kennslu, er talið að sumarnámið verði viðráðanlegra fyrir nemendur.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem var gerð meðal nemenda FS gæti sumarskólinn orðið vel sóttur. Um helmingur svarenda könnunarinnar (207 af 414) svaraði á þá leið að þeir hefðu áhuga á að taka sumarönn, einn eða fleiri áfanga.

Boðið verður upp á íslenskunám fyrir nemendur á aldrinum 16 til 20 ára sem hafa ekki íslensku að móðurmáli.

Ábyrgð: FS.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- a) Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- b) Fyrirhuguð úrræði á Suðurnesjum eru m.a. aukin þjónusta við erlenda íbúa, efling Reykjanes Geopark og stofnun þverfaglegs teymis á sviði félags-, heilbrigðis og menntamála.
- c) Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar, sé þeirra óskað.

Kostnaðurinn er tvennskonar, bæði þarf einhvern umsýslukostnað eða utnumhald með kennslunni og síðan kennslukostnaður. Vætanlega væri þetta yfirvinna fyrir kennara, en mat á vinnuframlagi áfanganna hefur ekki farið fram. Önnur leið væri að reikna út eitt fast verð fyrir hvern áfanga sem kenndur yrði án tillits til fjölda nemenda og semja um það við kennara.

2. Námskeið hjá MSS fyrir þá sem hafa hug á að stofna fyrirtæki

Markmið: Að styrkja kunnáttu þeirra sem hafa áhuga á að stofna fyrirtæki og auðvelda þannig fólki að koma hugmyndum sínum um nýsköpun og frumkvöðlastarf í framkvæmd.

Markhópur: Íbúar Suðurnesja sem hafa hug á því að stofna fyrirtæki.

Framkvæmd: Framboð aukið á námskeiðum sem snúa að því að styrkja íbúa Suðurnesja sem hafa hug á því að stofna fyrirtæki eða eru nú þegar í eigin rekstri fyrirtækja og hafa hug á að styrkja sig frekar. MSS hefur langa reynslu af því að vera með frumkvöðlanámskeið og námskeið til að efla fyrirtæki og leita einstaklingar á svæðinu jafnan til MSS varðandi fræðslu á þessu sviði.

Meðal áhersluverkefna:

- Þróun hugmyndar að viðskiptatækifærum - 46 kest.
- Sölu-, markað- og rekstrarnám - 440 klst.
- Hönnunar- og tilraunasmíðja - 160 klst.
- Sprotafyrirtæki – mentor – 60 kest.
- Verkefnastjórnun - 24 kest.
- Markþjálfun með fókus á stofnun fyrirtækis - 5 tímar.

Ábyrgð: MSS.

Samstarf: VMST, Heklan og Markaðsstofa Reykjanes.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnar:

- a) Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- b) Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- c) Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- d) Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- e) Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar sé þeirra óskað.

3. Námskeið hjá MSS fyrir þá sem tala ekki íslensku sem fyrsta mál

Markmið: Að skapa aukin tækifæri fyrir fólk af erlendum uppruna á vinnumarkaði.

Markhópur: Íbúar Suðurnesja af erlendum uppruna sem tala ekki nægilega góða íslensku til þess að geta nýtt sér almenn námskeið, er utan vinnumarkaðar eða vill styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Framkvæmd: Framboð aukið á námskeiðum fyrir þá sem ekki hafa íslensku og móðurmáli og símenntun styrkt fyrir þá sem ekki tala íslensku. Áhersla lögð á íslenskunámskeið og samfélagsfræðslu. Jafnframt boðið upp á fjölda starfstengdra námskeiða á ensku og pólsku sem gagnast þeim sem ná ekki innihaldi námskeiða sem kennd eru á íslensku.

Gert er ráð fyrir að námskeiðin verði kennd á ensku eða pólsku, eftir þörfum, fyrir utan samfélagstúlkunámskeiðið en þar er gert ráð fyrir góðri íslenskukunnáttu. Eftirfarandi námskeið geta verið í boði sumarið 2020:

- Þróun hugmyndar að viðskiptatækifærum - 46 kest.
- Valdeflandi kvenna- og karlasmiðjur - 36 kest.
- Íslensk menning og samfélag - 200 klst.
- Enskunámskeið - 24 kest.
- Tölvunámskeið - 24 kest.
- Samfélagstúlkun - 130 kest.
- Grunnmenntaskóli - 300 kest.
- Meðferð matvæla - 60 kest.
- Meðferð matvæla II (verklegt nám) - 30 kest.
- Færni í ferðapjónustu - 60 kest.
- Fjölmenningsræðja - tengslamyndun/valdefling - 160 kest.
- Íslenskunámskeið - 60 kest.
- Hvatning - styrking á tímum breytinga – 12 kest.
- Fjármálanámskeið - 20 kest.

- Starfsþróun - styrking - handleiðsla - 40 kest.
- Að lesa og skrifa á Íslensku - 100 kest.

Ábyrgð: MSS.

Samstarf: VMST og sveitarfélögin á Suðurnesjum.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- a) Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- b) Fyrirhuguð úrræði á Suðurnesjum eru m.a. aukin þjónusta við erlenda íbúa, efling Reykjanes Geopark og stofnun þverfaglegs teymis á sviði félags-, heilbrigðis og menntamála.
- c) Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- d) Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- e) Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- f) Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar, sé þeirra óskað.

4. Námskeið hjá MSS fyrir atvinnuleitendur og/eða þá sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði

Markmið: Að skapa aukin tækifæri fyrir atvinnuleitendur á vinnumarkaði, styrkja hæfni og færni þeirra og styrkja þá til þess að sækja um þau störf sem í boði eru.

Markhópur: Íbúar Suðurnesja sem eru utan vinnumarkaðar eða þeir sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Framkvæmd: Námsframboð aukið og sérstök áhersla lög á að styrkja símenntunarstarfsemi sem tengist þörfum atvinnulífs á Suðurnesjum og starfsþróun einstaklinga.

Meðal áhersluverkefna verði:

- Valdeflandi kvenna- og karlasmiðjur - 46 kest.
- Fjármálanámskeið - 20 kest.
- Líf og heilsa – lífsstílsþjálfun (nám sem styrkir líkamlega og andlega heilsu) - 300 klst.
- Menntastoðir – 1.000 klst.
- Starfsþróun – styrking – handleiðsla - 40 kest.
- Svæðisbundið leiðsögunám fyrir Reykjanesið - 22 einingar.
- Stökkpallur - 180 klst.
- Sterkari starfsmaður - 150 kest.
- Uppleið - nám byggt á hugrænni atferlismeðferð - 40 klst.
- Grunnmenntaskólinn - 300 kest.
- Aftur í nám - nám fyrir lesblinda – 95 kest.
- Fagnám í umönnun fatlaðra – 324 kest.
- Færni í ferðapjónustu I – 60 kest.
- Færni í ferðapjónustu II – 100 kest.
- Meðferð matvæla – 60 kest.
- Móttaka og miðlun – 60 kest.
- Skjalaumsjón – 160 kest.
- Skrifstofuskóli I – 360 kest.
- Skrifstofuskóli II - 160 kest.

- Grafísk hönnunarsmiðja – 160 kest.
- Hljóðsmiðja I – 160 kest.
- Hljóðsmiðja II – 160 kest.
- Kvikmyndasmíðja – 160 kest.
- Tækniþjónusta - 140 kest.
- Tölvuumsjón - 344 kest.
- Velferðartækni - 40 kest.
- Upplýsingatækni - þjónusta og miðlun - 170 kest.
- Markþjálfun – styrking í atvinnuleit eða starfi – 5 einkatímar.
- Fullorðinsfræðsla fatlaðra.

Ábyrgð: MSS.

Samstarf: VMST, stéttarfélög og Reykjanesbær.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- a) Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- b) Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- c) Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- d) Markmiðið er að vinna gegn gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- e) Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar, sé þeirra óskað.

5. Endurhæfing: Matsleið hjá MSS og Samvinnu

Markmið: Að gefa einstaklingum tækifæri og meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu.

Markhópur: Íbúar Suðurnesja sem hafa þörf fyrir stuðning og utanumhald til að auka virkni og efla færni til betri lífsgæða. Úrræðið getur m.a. nýst þeim sem eru í þjónustu hjá félagsþjónustum sveitarfélaganna á Suðurnesjum. MSS/Samvinna hefur reynslu af því að þjónusta einstaklinga sem tala ekki íslensku og er þetta því hvoru tveggja hugsað fyrir þá sem hafa íslensku að móðumáli sem og þá sem tala önnur tungumál

Framkvæmd: MSS/Samvinna starfsendurhæfing hefur starfað í 12 ár og er í dag með samning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Færri komast að en vilja í þjónustu hjá VIRK, af ýmsum ástæðum. Þörfum þeirra einstaklinga er mætt, staðan metin með tilliti til vinnumarkaðarins og þeim gefið færi á að kynnast því hvað felst í starfsendurhæfingu. Gert er ráð fyrir að matsleiðin séu þrír mánuðir þar sem viðkomandi fá ráðgjafa úr hópi heilbrigðismenntaðra starfsmanna Samvinnu. Gerð er einstaklingsmiðuð endurhæfingaráætlun sem inniheldur ýmis námskeið og virkniúrræði t.d. hreyfingu, heilsutengda fræðslu, fjármálanámskeið, starfstengd námskeið, íslenskukennslu, vinnustofur, námskeiðið Íslensk menning og samfélag svo eitthvað sé nefnt. Viðkomandi fær eftirfylgni við næstu skref eftir að matsleið lýkur, hvort sem það er í starfsendurhæfingu, í nám, vinnu eða í önnur þjónustukerfi í samstarfi við aðra fagaðila. Hjá MSS starfar þverfaglegt teymi á þessu sviði, þ.m.t. félagsráðgjafi, iðjuþjálfari, þroskaþjálfari, náms- og starfsráðgjafar, félagsfræðingur sem og fjöldi verktaka, s.s. sálfræðingar, sjúkraþjálfarar, sérfræðingar í fjármálum, næringarfræðingar, fjölskylduráðgjafar og fíkniráðgjafar, allt eftir þörfum hvers og eins.

Ábyrgð: MSS/Samvinna.

Samstarf: VMST, sveitarfélögin á Suðurnesjum og HSS.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- a) Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- b) Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- c) Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- d) Fyrirhuguð úrræði á Suðurnesjum eru m.a. aukin þjónusta við erlenda íbúa, efling Reykjanes Geopark og stofnun þverfaglegs teymis á sviði félags-, heilbrigðis og menntamála.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar, sé þeirra óskað.

6. Kjarnahópur til vellíðunar og virkni

Markmið: Að rjúfa félagslega einangrun fólks, styrkja það og efla til félagslegrar virkni og aukinnar vellíðunar.

Markhópur: Íbúar Reykjanesbæjar af erlendum uppruna sem tala litla sem enga íslensku, hafa verið utan vinnumarkaðar um nokkurt skeið, eru félagslega einangraðir eða í áhættuhópi gagnvart einangrun og líklegt að eigi við einhvers konar geðræna sjúkdóma. Sá hópur fólks sem nýtur þjónustu hjá Reykjanesbæ og Vinnumálastofnun og hefur gert lengst allra.

Endanlegt markmið með námskeiðinu er að þátttakendur fari á vinnumarkaðinn en ekki er talið raunhæft að ætla að þessi hópur fólks verði tilbúið fyrir vinnumarkaðinn eftir námskeiðið. Fremur sé þetta eitt skref í þá átt og verður þátttakendum fylgt áfram af námskeiðinu í önnur virkniúrræði eða námskeið.

Framkvæmd: Tvö endurhæfingarnámskeið með íslenskukennslu og iðjubjálfun. Hópur fólks sem nýtur þjónustu hjá VMST og Reykjanesbæ hefur ekki geta nýtt sér námskeið eða önnur úrræði sem í boði eru í sveitarfélaginu og því þurfi að sérsníða námskeið fyrir hópinn. Gert er ráð fyrir þéttni utanumhaldi og einstaklingsmiðaðri nálgun.

Áætlað er samstarf við Björgina – geðræktarmiðstöð Suðurnesja, sem myndi hýsa verkefnið. Jafnframt hefur verið leitað til Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS), sem myndi halda utan um námskeiðin og íslenskukennsluna. Óskað hefur verið efir samstarfi við Geðhjálp vegna reynslu þeirra af verkefninu *Þróun sjálfshjálparhóps fyrir pólskumælandi innflytjendur með þunglyndi og aðrar geðraskanir*. Ljóst er að reynsla þeirra getur nýst í það verkefni sem fyrirhugað er að fara af stað með á Suðurnesjum, enda markhópur þess verkefnis sambærilegur þeim sem hér er til umfjöllunar. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) mun auk þess koma að verkefninu með sérstökum stuðningi við hópinn og greiðu aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Áætlað er að halda tvö 18 manna námskeið, kenna tvisvar sinnum tvær klukkustundir á dag, fjóra daga vikunnar í 12 vikur. Gert er ráð fyrir því að verkefnastjóri frá MSS og sérfræðingur frá velferðarsviði Reykjanesbæjar haldi utan um námskeiðin og verði með viðveru alla daga. Þátttakendum mun jafnframt bjóðast einstaklingsviðtöl hjá sérfræðingi velferðarsviðs, sem verður með námskeiðið, eftir þörfum og samkomulagi.

Námskeiðsvikunum á að skipta niður eftir þeim fyrir hverja viku en jafnframt gert ráð fyrir því að íslenskukennsla verði sem rauður þráður í gegnum allt starfið. Áhersla er lögð á virkni og vellíðan með gönguferðum, hannyrðum, matargerð, hugleiðslu og öðru sem hentar þátttakendum hvers hóps hverju sinni. Í einhverjum tilvikum veður þjónustan aðkeypt, t.d. varðandi jógakennslu, leiðsagnir og næringarfræði.

Ábyrgð: Reykjanesbær.
Samstarf: MSS, VMST og HSS.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- a) Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- b) Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- c) Markmiðið er að vinna gegn gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- d) Fyrirhuguð úrræði á Suðurnesjum eru m.a. aukin þjónusta við erlenda íbúa, efling Reykjanes Geopark og stofnun þverfaglegs teymis á sviði félags-, heilbrigðis og menntamála.

Gróft kostnaðarmat: 25 m.kr.

7. Námskeið og fræðsla í nýsköpun

Markmið: Að styðja við og efla nýsköpun og þróun á Suðurnesjum.

Markhópur: Frumkvöðlar og sprotafyrirtæki.

Framkvæmd: Áhersla verður lögð á að auka enn frekar fræðslu í nýsköpun með áherslu á vefnámskeið. Unnin verða leiðbeiningarmyndbönd þar sem farið verður yfir helstu þætti sem veitt eru í ráðgjöf, eins og styrkumsóknir, gerð viðskiptaáætlana, markaðssetningu, sölu og fleira. Átak verður gert í að kynna helstu sjóði og úrræði og kynna ráðgjöf og handleiðslu Heklunnar.

- Stofnun og rekstur fyrirtækis - vefnámskeið, handleiðsla og vinnustofa.
- Stafrænt forskot – vinnustofa fyrir frumkvöðla.
- Ráðgjöf og handleiðsla - frumkvöðlar geta sótt ráðgjöf og handleiðslu í gegnum myndviðtal, tölvupósta og símtöl. Ráðgjafar Heklunnar liðsinna um gerð viðskiptaáætlana, veita upplýsingar um styrki og önnur ráðgjöf.
- Öflug kynning á helstu sjóðum, s.s. Tækniþróunarsjóður, Nýsköpunarsjóður námsmanna og skattaafsláttur v/rannsókna og þróunar.
- Frumkvæði - sérlausn fyrir frumkvöðla á atvinnuleysisskrá þar sem unnið er að eigin viðskiptahugmynd í þrjá mánuði með möguleika á framlengingu (NMÍ og VMST).
- Gerð leiðbeiningarmyndbanda fyrir frumkvöðla.

Ábyrgð: Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja og Markaðsstofa Reykjanes.

Samstarf: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Byggðastofnun og Vinnumálastofnun.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- a) Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- b) Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- c) Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- d) Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.

Gróft kostnaðarmat: 6 m.kr.

8. Háskólabrú hjá Keili

Markmið: Að stuðla að auknum tækifærum íbúa Suðurnesja á háskólanámi með því að bjóða nemendum sem eru nú þegar í námi hjá Háskólabrú Keilis upp á sumaráfanga til styttingar á námsleiðinni. Nemendur gætu flýtt námi sínu eða létt á álagi fyrir haustið.

Markhópur: Íbúar Suðurnesja utan vinnumarkaðar sem ekki hafa lokið framhaldsskóla og hafa hug á háskólanámi.

Framkvæmd: Háskólabrú í fjarnámi þar sem boðið verður upp á tvær námsbrautir, þ.e. félagsvísinda- og lagadeild (FLD) og viðskipta- og hagfræðideild (VHD). Nemendur geta þá byrjað á þremur fögum í sumar og haldið áfram í hálfu námi og stefnt að útskrift í desember 2021, eða aukið hraðann næsta vetur til þess að geta útskrifast í júní 2021. Keilir telur þörf á 30 nemendaígildum svo mögulegt sé að fara af stað með nemendahóp í sumar. Sumarönnin gæti hafist 22. maí og staðið til og með 13. ágúst. Þeir þrír áfangar sem yrði boðið upp væru Upplýsingatækni, Félagsfræði og Enska I. Áfangarnir yrðu kenndir í sjö vikna lotum sem myndu skarast þannig að á hluta tímabilsins myndu nemendur sækja tvo áfanga á sama tíma.

Ábyrgð: Keilir.

Samstarf: VMST og Háskóli Íslands.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Umfram nemendaígildi og skólagjöld: 2.650.000 kr.

9. Háskólabrú með undirbúningi

Markmið: Að stuðla að auknum tækifærum íbúa Suðurnesja á háskólanámi.

Markhópur: Íbúar Suðurnesja sem hyggja á háskólanám sem og þeir sem hafa ekki lokið framhaldsskóla og hafa ekki þann grunn sem þarf til þess hefja nám í Háskólabrú Keilis.

Framkvæmd: Keilir hefur hug á því að bjóða upp á Háskólabrú með undirbúningi. Námið getur hafist strax í sumar fáist fjárveiting til þess. Námið verður í boði fyrir þá nemendur sem vantar fáa áfanga til viðbótar til að uppfylla inntökuskilyrði í Háskólabrú Keilis (allt að 20 framhaldsskólaeiningar). Ráðgert er að auka framboð á undirbúningsáföngum til þess að veita fleirum möguleika á námsleiðinni.

Ábyrgð: Keilir.

Samstarf: VMST og Háskóli Íslands.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Umfram nemendaígildi og skólagjöld: 2.207.000 kr.

10. Alþjóðleg Háskólabrú

Markmið: Að skapa aukin tækifæri fyrir íbúa Suðurnesja af erlendum uppruna á háskólanámi og styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði.

Markhópur: Einstaklingar af erlendum uppruna sem vilja styrkja stöðu sína á atvinnumarkaði eða sækja í háskólanám á Íslandi. Hér er um einstakt tækifæri að ræða til þess að ná til hóps erlendra einstaklinga sem misst hafa vinnuna en vilja hefja nám á háskólastigi í framhaldi af Háskólabrú.

Framkvæmd: Keilir hefur hug á því að bjóða upp á Háskólabrú á ensku sem tilraunaverkefni til tveggja ára og getur farið af stað með slíkt strax í sumar. Ekkert sambærilegt úrræði er til staðar fyrir að svo stöddu og því mikilvægt að ráðast í verkefnið sem allra fyrst. Undirbúningur liggur fyrir en nauðsynlegt verður að markaðssetja námið vel meðal markhópa námsins.

Nánari upplýsingar: www.keilir.net/haskolabru/namsframbod/haskolabru-a-ensku.

Ábyrgð: Keilir.

Samstarf: VMST og Háskóli Íslands.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Áætlaður þróunarkostnaður umfram nemendaígildi og skólagjöld í tvö ár er kr. 22.544.000.

11. Vinnuvélanámskeið á íslensku, ensku og pólsku

Markmið: Að skapa aukin tækifæri fyrir atvinnuleitendur á vinnumarkaði.

Markhópur: Íbúar Suðurnesja sem eru utan vinnumarkaðar og hafa áhuga fyrir því að öðlast réttindi á ýmsar vinnuvélar, svo sem lyftara og valtare.

Framkvæmd: Bóklegur hluti námsins verður í boði á íslensku, ensku og pólsku, auk þess sem stuðst verður við túlka í verklegum þáttum.

Ábyrgð: Keilir.

Samstarf: Vinnuverndarskóli Íslands.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
 - Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
 - Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
 - Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
 - Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar sé þeirra óskað.

12. Sumarnámskeið á framhaldsskólastigi: Grunnáfangi í tölvuleikjagerð

Markmið: Að bjóða upp á sumaráfanga fyrir ungt fólk af Suðurnesjum í tölvuleikjagerð.

Markhópur: Ungt fólk af Suðurnesjunum á framhaldsskólaaldri sem hefur áhuga á tölvuleikjagerð, forritun, hönnun og skapandi hugsun.

Framkvæmd: Boðið verður upp á sérhæft einingabært grunnnámskeið á framhaldsskólastigi, með áherslu á tölvuleikjagerð. Kennarar munu móta stutt námskeið með mismunandi áherslum innan tölvuleikjagerðar í fjarnámi. Nemendur vinna með grunnhugmyndir leikjagerðar og leikhönnunar. Áhersla verður lögð á að nemendur þekki ferla í gerð tölvuleikja, þjálfari leikni og færni í hugmyndavinnu og frásagnalist. Unnið verður með forritið *Unity*, þar sem nemendur vinna frumgerð að leik í áfanganum. Sérstök áhersla lögð á að nemendur þjálfist í listrænni vinnu við söguþráð og persónusköpun, leikjafræðilegri útfærslu gagnvirkra þátta, nýtingu hvataþátta (gamification) og þeim hughrifum sem reynt er að efla við spilun.

Gert er ráð fyrir fimm tveggja vikna námskeiðum frá 1. júní til 6. ágúst, um 10–15 nemendum geta verið á hverju námskeiði.

Ábyrgð: Keilir.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Skipulag og framkvæmd kennslu 12.500 kr pr. einingu pr. nemanda.

13. Sumarnámskeið í ævintýraferðamennsku á háskólastigi

Markmið: Að efla áhuga og styrkja færni fólks utan vinnumarkaðar á ævintýraferðamennsku og leiðsögn.

Markhópur: Fólk utan vinnumarkaðar, einkum ferðapjónustuaðilar og leiðsögumenn sem vilja skerpa á færni og þekkingu sinni á sviði ævintýraferðamennsku.

Framkvæmd: Boðið verður upp á bóklegar og verklegar kennslustundir sem tengjast leiðsögunámi í ævintýraferðamennsku, útivist og afþreyingarferðapjónustu. Notast verður við bóklega áfanga námsins í fjarnámi, auk verklegra áfanga.

Ábyrgð: Keilir.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar, sé þeirra óskað.

14. Sumarnámskeið: Útivist og umhverfi

Markmið: Að styrkja tengsl ungmenna við náttúruna á tímum margmiðlunar og ofnotkunar snjallsíma.

Markhópur: Ungt fólk á Suðurnesjum sem er utan vinnumarkaðar.

Framkvæmd: Útivist og umhverfi er skemmtilegt og nýstárlegt námskeið þar sem þátttakendur yfirgefa þægindaramma heimilisins og nýta tíma sinn þess í stað umlukin náttúrunni þar sem þau læra nýja færni og þekkingu á útivist ásamt því að skemmta sér og upplifa ný ævintýri. Lögð er áhersla á gönguferðir (jökla, fjallaferðir, óbyggðaferðir), útivist (undirbúning ferða, búnað, öryggi), ævintýraferðir (straumvatnsbjörgun, kajak og klifur), og mótorferðir (fjórhyllaferðir, sérútbúinir jeppar).

Ábyrgð: Keilir.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar, sé þeirra óskað.

15. Sumarnámskeið: Grunnur í jöklaferðamennsku fyrir 18 ára og eldri

Markmið: Að dýpka skilning þátttakenda á þeim áskorunum sem felast í gönguferðum á jöklum og fjöllum. Viðkvæm náttúra Íslands er í bak- og forgrunni og munu þátttakendur fá skýra sýn á mikilvægi ábyrgðar þeirra á ferðalögum um landið.

Markhópur: Fólk utan vinnumarkaðar 18 ára og eldri.

Framkvæmd: Á námskeiðinu verða kenndir helstu grunnþættir sem varða ferðir og öryggi á fjöllum og jöklum, ásamt því að leggja áherslu á ábyrga ferðamennsku og náttúruvernd. Að loknu námskeiðinu munu þátttakendur hafa öðlast skilning á þeim áskorunum sem felast í gönguferðum á jökla og fjöllum, grunnfærni í undirbúningi og skipulagningu ferða í krefjandi aðstæðum, utanumhald hópa og öryggi göngufólks á fjöllum og jöklum. Keilir mun sjá um allan sérhæfðan búnað sem og ferðir.

Ábyrgð: Keilir.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar, sé þeirra óskað.

16. Sumarnámskeið: Flugbúðir

Markmið: Að dýpka sýn nemenda á námi og störfum í flugtengdum greinum og þeim tækifærum sem flugtengdar greinar geta skapað hér á landi sem og á alþjóðavettvangi.

Markhópur: Fólk utan vinnumarkaðar 18 ára og eldra sem vill kynnst þeim tækifærum sem flugrekstur býður upp á.

Framkvæmd: Flugbúðir er sérsniðið námskeið fyrir alla þá sem vilja kynnst því sem viðkemur flugrekstri. Á námskeiðinu fer fram kynning á flugnámi frá upphafi til enda, tegundaáritun flugmanna, vinna í flughermum og starfi flugvirkja, flugliða, afgreiðslufólks, flugumsjónarmanna og flugvallarstarfsmanna.

Ábyrgð: Keilir.

Samstarfsaðilar: Keilir – Flugskóli Íslands.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- a) Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- b) Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- c) Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- d) Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- e) Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- f) Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar, sé þeirra óskað.

17. Sjávarakademían hjá Fisktækniskóla Íslands: Inngangur að nýsköpun og vöruþróun innan bláa hagkerfisins

Markmið: Að stuðla að framþróun í vinnslu afurða, vöruþróunar, tækni og rannsókna innan *Bláa hagkerfisins* á Íslandi sem og þjálfa fólk til þátttöku í þessari þróun og mæta kröfum um aukna nýsköpun og frumkvöðlastarf.

Markhópur: Ungt fólk á framhaldsskólaaldri eða fólk sem lokið hefur framhaldsskóla eða háskólanámi og hefur hug á að kynna sér möguleika á fyrirtækjarekstri eða starfsvettvangi innan bláa hagkerfisins. Námið höfðar einnig til fólks með reynslu úr atvinnulífinu, en vill kynna sér þá fjölbreyttu möguleika sem eru á þessu sviði haftengdrar nýsköpunar.

Framkvæmd: Á síðustu árum hefur framþróun í vinnslu afurða, vöruþróunar, tækni og rannsókna leitt af sér gífurlegan vöxt innan *Bláa hagkerfisins* á Íslandi. Fisktækniskóli Íslands og Sjávarklasinn hafa skipulagt nám á framhaldsskólastigi til þess að mæta kröfum um aukna nýsköpun og frumkvöðlastarf. Hæfni til að skapa nýjungar er afar mikilvæg fyrir komandi kynslóðir. Atvinnulífið hefur verið að kalla eftir starfsfólki sem býr yfir frumkvæði, skapandi hugsun, forritunar-, iðn- og tækniþæfni og er lausnamiðað, til að takast á við þessar framtíðaráskoranir.

Gert er ráð fyrir að bjóða upp á þrjá grunnáfanga brautarinnar, samtals 10 einingar, fyrir tvo nemendahópa, með 12 nemendum í hvorum hópi. Fagkennarar Fisktækniskólans og starfsfólk í Húsi Sjávarklasans að Grandagarði munu sjá um kennslu í húsakynnum annars hvors samstarfsaðilans. Nemendur munu fá almenna kynningu og fræðslu á helstu grunnþáttum vöruþróunar og nýsköpunar innan bláa hagkerfisins, bæði frá kennurum og fjölmörgum

fyrirtækjum, sem haslað sér hafa völl á sviði vöruþróunar og nýsköpunar í sjávarútvegi. Lögð verður áhersla á að kynna og veita nemendum innsýn í helstu afurðir sjávar og möguleika á vinnslu, nýjungar í vöruþróun og þjónustu auk upplýsingatækni og gæðakröfur. Jafnframt er lögð áhersla á kynningu nýrra fyrirtækja inn á bláa hagkerfisins og reynslu þeirra af því að hasla sér völl. Sumarnámið mætti nýta til styttingar um þriðjung á 30 eininga námsbraut Fisktækniskólans og Sjávarklasans í „Nýsköpun og Vöruþróun í bláa hagkerfinu“ sem hefst í haust eða sem einingar upp í tveggja ára námsbraut í Fisktækni. Námið má einnig nýta sem almenna kynningu á sjávarútvegi, vöruþróun og nútímavinnslu sjávarafurða.

Kennt verður í staðarnámi í lotum. Námskrá áfanga liggur fyrir.

Ábyrgð: Fisktækniskóli Íslands og Hús Sjávarklasans.

Samstarf: Þór Sigfússon og Berta Daníelsdóttir frá Húsi Sjávarklasans (sem einnig koma að kennslu) auk starfsmanna fjölda fyrirtækja í húsinu.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- Markmiðið er að vinna gegn gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaður pr nemanda er 120.000.- pr nemanda (um 12.000 pr einingu) – miðað við 8-12 nemendur í hvorum hópi en að hámarki 24 nemendur (einum í Grindavík og einum í Húsi Sjávarklasans í Reykjavík).

18. Inngangur að Fisktækni

Markmið: Að veita nemendum innsýn í hráefnisöflun og nútímatækni í vinnslu sjávarafurða og efla þekkingu á því sviði.

Markhópur: Ungt fólk á framhaldsskólaaldri og fólk með litla formlega menntun sem er í atvinnuleit, vill skipta um starfsvettvang og/eða styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Framkvæmd: Kenndir verða þrír áfangar af grunnnámi tveggja ára brautar í Fisktækni.

Áfangarnir eru: Fisktækni 1, Upplýsingatækni og Gæðastýring (HACCP). Jafnframt verður lögð áhersla á kynningar og grunnþekkingu á helstu sviðum greinarinnar sem og meginþætti upplýsingatækni í veiðum og vinnslu, hreinlæti og gæðamálum. Námið er á framhaldsskólastigi og veitir 10 einingar. Það má nýta til styttingar á námi í Fisktækni (120 einingar), en getur einnig staðið sjálfstætt sem góður grunnur til frekari náms og starfa í annarri matvælavinnslu. Gert er ráð fyrir 12 nemendum í hópi og kennt er í Grindavík (eða á öðrum stöðum á Suðurnesjum, ef svo ber undir). Námskrá og áfangalýsingar liggja fyrir. Kennt verður í staðarnámi.

Ábyrgð: Fisktækniskóli Íslands.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- Markmiðið er að vinna gegn gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar, sé þeirra óskað.

19. Inngangur að námi í Fisktækni á pólsku

Markmið: Að veita nemendum af pólskum uppruna innsýn í öflun hráefnis og nútímatækni í vinnslu sjávarafurða og efla þekkingu þeirra á því sviði.

Markhópur: Fólk með pólsku að móðurmáli sem hefur misst atvinnu eða vill leggja grunn að starfi á sviði sjávarútvegs, íbúar Suðurnesja af pólskum uppruna sem ekki tala íslensku og starfa í sjávarútvegi eða fiskvinnslu og ungt fólk á framhaldsskólaaldri með pólsku að móðurmáli.

Framkvæmd: Kenndir verða þrír áfangar á pólsku, samtals 10 einingar af grunnnámi tveggja ára brautar í Fisktækni, sem er nám á framhaldsskólastigi. Áfangarnir eru: Fisktækni 1, Upplýsingatækni og Gæðastýring (HACCP). Jafnframt verður lögð áhersla á kynningar og grunnþekkingu á helstu sviðum greinarinnar sem og meginþætti upplýsingatækni í veiðum og vinnslu, hreinlæti og gæðamálum. Námið má nýta til styttingar á námi í Fisktækni (120 einingar), en getur einnig staðið sjálfstætt sem góður grunnur til frekari náms og starfa í annarri matvælavinnslu.

Námið nýtist bæði til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði á Íslandi en einnig í sívaxandi iðnaði við vinnslu lax og fiskafurða í Póllandi. Kennt verður í staðarnámi í Grindavík. Námskrá og áfangalýsingar á pólsku liggja fyrir.

Ábyrgð: Fisktækniskóli Íslands.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- a) Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- b) Fyrirhuguð úrræði á Suðurnesjum eru m.a. aukin þjónusta við erlenda íbúa, efling Reykjanes Geopark og stofnun þverfaglegs teymis á sviði félags-, heilbrigðis og menntamála.
- c) Boðið verður upp á fjölbreytt nám- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- d) Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- e) Markmiðið er að vinna gegn gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- f) Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- g) Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar, sé þeirra óskað.

20. Inngangur að fiskeldi

Markmið: Að efla þekkingu íbúa Suðurnesja á fiskeldi með því að bjóða upp á kynningu á fiskeldi og kennslu í helstu grunnþáttum starfa í greininni.

Markhópur: Ungt fólk á framhaldsskólaaldri og aðrir sem stefna á frekara starfsnám eða störf í fiskeldi.

Framkvæmd: Kenndir verða þrír áfangar: Fiskeldi 1, Upplýsingatækni, Líffræði eldisfiska. Námið er skipulagt sem 10 einingar á framhaldsskólastigi og getur verið metið upp í námsbraut í Fisktækni.

Ábyrgð: Fisktækniskóli Íslands.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- a) Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- b) Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- c) Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- d) Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- e) Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- f) Sumarnám á framhalds- og háskólastigi:

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar, sé þeirra óskað.

21. Smáskipanám

Markmið: Að skapa aukin tækifæri fyrir fólk af Suðurnesjum til starfa tengt sjávariðnaði með því að bjóða upp á kennslu til smáskiparéttinda.

Markhópur: Ungt fólk á framhaldsskólaaldri og aðrir þeir sem stefna á störf við sjómennsku eða að afla sér réttinda til stjórnar smáskipa (pungapróf).

Framkvæmd: Kenndir verða áfangarnir SMSU2SS04 og SMÁN2SS04, samkvæmt námskrá Fisktækniskóla Íslands frá 2019. Kennt yrði í lotum, alls átta einingar á framhaldsskólastigi.

Ábyrgð: Fisktækniskóli Íslands.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- a) Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- b) Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- c) Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- d) Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- e) Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- f) Sumarnám á framhalds- og háskólastigi.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar, sé þeirra óskað.

22. Sumarstörf fyrir námsmenn hjá sveitarfélögum

Markmið: Að efla ungmenni og viðhalda virkni þeirra og vellíðan í sumar.

Markhópur: Ungmenni á aldrinum 15–25 ára sem ekki hafa fengið sumarstörf og hafa ekki áhuga á námsframboði í sumar.

Framkvæmd: Enn frekari fjölgun sumarstarfa hjá sveitarfélögum Suðurnesja við að fegra umhverfið, viðhalda leikvöllum og öðrum opnum svæðum. Eins gætu ungmenni komið að viðhaldsverkefnum á opinberum byggingum. Þann 4. maí höfðu 154 ungmenni sótt um sumarstörf hjá Reykjanesbæ. Nauðsynlegt er að hafa gott og faglegt ut anumhald með ungmennum í sumarstörfum, þá sérstaklega þegar verið er að horfa til þess að ráða inn ungmenni í viðkvæmri stöðu. Því er lagt til að ráðið verði í sérstakar leiðtoga stöður þar sem háskólanemendur á sviði félags, heilbrigðis- eða menntamála hafi yfirumsjón yfir nemendum vinnuskólans sem eru í viðkvæmri stöðu og nemendum vinnuskólans sem nýverið hafa lokið 10. bekk og eru líklegir til þess að vera í brottfallsáhættuhópi í framhaldsskólanámi.

Lagt er til að allir nemendur og leiðtogar í vinnuskólanum fái námskeið og uppbyggjandi fræðslu í sjálfsstyrkingu og valdeflingu.

Ábyrgð: Reykjanesbær.

Samstarf: Önnur sveitarfélög á Suðurnesjum, Fjölsmiðjan, VMST, ríkisstofnanir á Suðurnesjum.

Tilvísun í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar:

- a) Auknar forvarnir og stuðningur við börn í skólum auk eflingar heilsugæslu í geðrækt.
- b) Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.
- c) Sveitarfélögin hyggjast ráðast í flýtiframkvæmdir til að bregðast við versnandi atvinnuástandi.
- d) Efnahagsástand á Suðurnesjum krefst sérstakra úrræða, en atvinnuleysi þar stefnir í 24% í apríl.
- e) Boðið verður upp á fjölbreytt náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur.
- f) Úrræðin viðhalda og byggja upp vinnufærni hjá hratt vaxandi hópi atvinnuleitenda.
- g) Markmiðið er að vinna gegn þrálátu og langvinnu atvinnuleysi.
- h) Hluti úrræða fyrir námsmenn mun einnig ná til atvinnuleitenda.
- i) Sumarstörf fyrir námsmenn.
- j) Aðgerðir til að vinna gegn neikvæðum félagslegum afleiðingum faraldursins á viðkvæma hópa.
- k) Sumarúrræði fyrir námsmenn - störf, nám og frumkvöðlaverkefni.

Gróft kostnaðarmat: Kostnaðarmat liggur fyrir og frekari upplýsingar góðfúslega veittar, sé þeirra óskað.